

Alþingi
Erindi nr. P 123/565
komudagur 10.12.198



VERSLUNARRÁÐ
ÍSLANDS

ICELAND CHAMBER
OF COMMERCE

Stofnað 1917

SAMTÖK
VIÐSKIPTALÍFSINS

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
B/t Gunnars Jakobssonar, nefndarritara
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

Reykjavík, 9. desember 1998.

Efni: Frumvarp til laga um bifreiðagjald o. fl. (279. mál).

Verzlunarráð Íslands þakkar nefndinni fyrir að fá tækifæri til að gefa umsögn um framangreint frumvarp. Ráðið gerir ekki athugasemdir við efni frumvarpsins að öðru leyti en því, að efast má um að tilefni sé til þeirrar hækkunar þungaskatts, sem gert er ráð fyrir í II. kafla. Þar er gert ráð fyrir að þungaskatturinn hækki um 3,5% 1. janúar nk. og um 2% 1. júlí 1999. Þessi hækkun verður að öllum líkindum talsvert umfram almennar verðlagsbreytingar, enda er gert ráð fyrir að verðbólga á næsta ári verði um eða innan við 2%. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að hækkunin sé í samræmi við vegáætlun fyrir árin 1998 til 2002. Ekki verður á það fallist, að það eitt sé fullnægjandi til að rökstyðja þessa hækkun þungaskatts. Rétt að hafa í huga, að ríkissjóður hefur vegna góðrar afkomu mun meira svigrúm og fleiri leiðir til að ná markmiðum vegáætlunar heldur en að auka þessa skattheimtu. Loks má benda á, að hækkunin er í ósamræmi við almenna stefnumörkun ríkisstjórnarinnar um lægri álögur á fólk og fyrirtæki í landinu. Verzlunarráð hefur stutt þá stefnu stjórnarinnar, en getur ekki fyrir sitt leyti fallist á að ástæða sé til þeirrar hækkunar þungaskatts, sem hér er gerð tillaga um.

Virðingarfyllst,
fyrir hönd Verzlunarráðs Íslands,

Birgir Ármannsson.

Póstáritun:
Verzlunarráð Íslands
Húsi verslunarinnar
Kringlan 7
103 Reykjavík

Sími: 510 7100
Bréfsími: 568 6564
Netfang: mottaka@chamber.is